



Fundur í byggðaráði

2. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 fimmtudaginn 28. febrúar 2019. Fundur var settur kl. 12:04.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson, formaður, Mirjam Blekkenhorst, Siggeir Stefánsson og Elías Pétursson sveitarstjóri. Auk þess sat Jónas Egilsson og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Hann lagði til að nýjum lið 19. lið yrði bætt við: Innflutningur á hráu og ófrosnu kjöti.

Að því búnu var gengið til dagskrár.

Fundargerð

1. Fundargerð 2. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerð 2. fundar skipulags- og umhverfisnefndar

Liður 1: Stofnun lögbýlis að Hólum

Samþykkt að vísa málinu til sveitarstjórnar.

Liður 2: Vatnasvæðisnefnd, tilnefning fulltrúa

Tillaga um sveitarstjóra sem fulltrúa sveitarfélagsins í vatnasvæðisnefnd samþykkt.

3. Fundargerð 2. fundar velferðar- og fræðslunefndar

Liður 4a: Boðsbréf UMFÍ

Byggðaráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

4. Samskipti við UST vegna urðunnar á Bakkafirði o.fl.

Lögð fram samantekt skrifstofustjóra um samskipti sveitarfélagsins við Umhverfisstofnun, dags. í nóvember 2018, minnisblað lögfræðings sveitarfélagsins dags. 13. febr. sl. og yfirlit um samskipti Langanesbyggðar við Umhverfisstofnun dags. 10. des. 2018.

Samþykkt að vinna málið áfram í samræmi við minnisblað lögfræðings sveitarfélagsins.

5. Finnafjörður, staða skjalagerðar – munnleg skýrsla kynnt á fundi

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á skjalagerð vegna stofnunar fyrirtækja og samninga þeirra í milli. Nú eru öll skjöl í yfirllestri hjá *bremenports* sem ætti að ljúka á næstu dögum. Að yfirllestri loknum og því gefnu að ekki komi fram athugasemdir verða skjöl sem eru á



ensku þýdd yfir á íslensku af löggildum skjalaþýðanda. Öll stofnskjöl sem eru á íslensku hafa verið þýdd á ensku og þeim komið til fulltrúa *bremenports*.

6. Þjónustumiðstöð, staða mála – gögn lögð fram á fundi

Sveitarstjóri fór yfir stöðu málsins. Starf forstöðumanns þjónustumiðstöðvar hefur verið auglýst, sjö aðilar sóttu um starfið og stendur úrvinnsla umsókna yfir. Sveitarstjóri hefur fengið *Intellecta* til ráðgjafar í ráðningarferlinu, fyrsta mat á umsóknum hefur farið fram og standa viðtöl nú yfir. Þess er vænst að niðurstaða liggja fyrir í lok næstu viku.

7. Nýbygging leikskóla

Fram er lagt minnisblað um stöðu framkvæmdarinnar og fundargerðir verkfunda. Sveitarstjóri fór yfir stöðu verkefnisins. Áætluð verklok eru í byrjum maí 2019.

8. Samkomulag við Þorkel Gíslason vegna uppbyggingar þjónustumiðstöðvar á Bakkafirði o.fl.

Drög að samkomulagi við Þorkel lögð fram til kynningar og málinu vísað til umfjöllunar í sveitarstjórn.

9. Umsókn um tækifærisleyfi, beiðni um umsögn sveitarfélags

Beiðni frá sýslumanni um umsögn sveitarfélags vegna umsóknar Anítu Drafnar Reimarsdóttur um tækifærisleyfi vegna konukvölds 2. mars nk.

Byggðaráð samþykkir að mæla með umsókninni.

10. Varmadæluvæðing

Fram eru lögð til kynningar niðurstaða verðfyrirspurnar vegna varmadæluvæðingar og ýmis önnur gögn er málið varða.

Byggðaráð felur sveitarstóra að leita að auknum styrkjum fyrir verkefnið.

11. Refa- og minkaveiðar 2019

Minnisblað skrifstofustjóra um refa- og minkaveiðar 2018 lagt fram.

Samþykkt að auglýst verði eftir áhugasömum einstaklingum til vetrarveiða og grenjaleit á lausum svæðum.

12. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019

Minnisblað skrifstofustjóra vegna kostnaðar við íbúa við þjálfunarheimili lagt fram.

Samþykkt að leggja fyrir sveitarstjórn viðaukatillögu við fjárhagsáætlun í samræmi við skýringar í minnisblaðinu.



13. Veraldarvinir 2019

Lagt fram minnisblað vegna erindis frá Veraldarvinum.

Byggðaráð samþykkir framhald verkefnisins og að það verði með svipuðu sniði og undanfarin ár.

14. Boð á ráðstefnu *Future of Work* 4. og 5. apríl 2019, frá félagsmálaráðuneytinu

Erindið lagt fram.

15. Ályktun um flugsamgöngur

Svohljóðandi ályktun var samþykkt:

Um leið og byggðaráð Langanesbyggðar fagnar því að samþætta eigi almenningssamgöngur á landinu, mótmælir byggðaráð harðlega þeim hugmyndum að skerða flugsamgöngur m.a. við norðaustur hluta landsins, þ.e. Þórshöfn og Vopnafjörð. Þessar skerðingarhugmyndir eru einnig í ósamræmi við hina svokölluðu *skosku leið* sem gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi samgönguáætlun. Jafnframt verður að teljast að einstök markmið, um fyrirhugaðan niðurskurð á flugsamgöngum, gangi gegn megin markmiðum samþykktarinnar um samfélagslegt hlutverk hennar, þ.e. eflingu lífsgæða með aðgangi að skilvirku og heildstæðu almenningssamgöngukerfi og aukinni þjónustu, tryggu aðgengi að opinberri þjónustu í nærumhverfi sem og á höfuðborgarsvæðinu.

- Í samgönguáætlun 2019-2033 sem var lögð fyrir Alþingi á haustþingi voru metnaðarfull markmið. Meðal þeirra var lagt fram það markmið að íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarinnar á um 3½ klst. með samþættum ferðatíma, akandi, með ferju eða í flugi. Á sama tíma eru lögð fram umrædd drög að stefnumörkun í almenningssamgöngum þar sem lagt er til að leggja af ríkisstyrk á innanlandsflugi til Vopnafjarðar/Þórshafnar og lögð áhersla á að styrkja almenningssvagna.
- Ætla má að ferðatími með strætisvagni til Húsavíkurflugvallar frá Þórshöfn og flugi til Reykjavíkur, eins og gert er ráð fyrir í áætluninni, verði um 5 klst. aðra leiðina með viðkomu á Raufarhöfn og Kópaskeri.
- Ökutími milli Þórshafnar og Reykjavíkur er um 7-8 klst. í einkabíl í góðri færð. Ferðatími yrði því um 10-12 klst. með strætisvagni. Það segir sig sjálft að hugmyndir um niðurskurð á flugi og bættum almenningssamgöngum fara ekki saman.
- Tilvist flugvallarins á Þórshöfn og við aðra þéttbýlisstaði er nauðsynlegur þáttur í öryggi íbúa, þar sem sjúkraflug er nokkuð algengt á svæðinu. Dæmi eru um þar sem sjúkraflug hefur skipt öllu máli við að koma sjúklingum undir læknishendur hratt og örugglega.



- Veðurfar á Norðausturlandi býður ekki upp á að íbúar svæðisins reiði sig einvörðungu á vegasamgöngur, sér í lagi á stað eins og í Langanesbyggð þar sem allar slíkar samgöngur eru um langa fjallvegi, en aðrar almenningssamgöngur eru ekki í boði fyrir íbúa á svæðinu.

Af þessum ástæðum vill byggðaráð leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að flugþjónusta til Vopnafjarðar og Þórshafnar verði ekki skert. Það skiptir miklu máli að fjarlæggar byggðir landsins búi við traustar og skilvirkar almennings- og sjúkrasamgöngur. Flug fyrir íbúa á þessu svæði er því ekki ósvipað og ferjur eru fyrir Vestmannaeyinga, íbúa í Grímsey og Hrísey, þ.e. nauðsynlegur valkostur.

16. Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga, ódags. bréf Íbúðalánasjóðs

Erindið lagt fram.

17. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 11. febr. 2019

Erindið lagt fram.

18. Erindi frá Öldu, félagi um sjálfbærni og lýðræði, ódags.

Erindið lagt fram.

19. Innflutningur á hráu og ófrosnu kjöti.

Mirjam Blekkenhorst lagði fram drög að áskorun til ríkisstjórnar Íslands vegna frumvarps sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kynnti þann 20. febrúar sl. og felur í sér heimild til þess að flytja til landsins hrátt ófrosið kjöt og fersk egg:

Byggðarráð Langanesbyggðar leggst alfarið gegn frumvarpi sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kynnti þann 20. febrúar sl. og felur í sér heimild til þess að flytja til landsins hrátt ófrosið kjöt og fersk egg.

Byggðaráð telur að verði frumvarpið að veruleika feli það í sér fullkomna uppgjöf í baráttu okkar Íslendinga fyrir því að verja lýðheilsu þjóðarinnar og íslenskra búfjárstofna sem hafa sérstöðu í alþjóðlegu samhengi.

Byggðaráð skorar því á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ríkisstjórn Íslands að taka þegar í stað upp EES samninginn og semja um breytingar sem heimila íslensku þjóðinni að viðhalda sérkennum íslensks landbúnaðar; heilbrigðum búfjárstofnum og heilnæmum matvælum. Sérfræðingar hafa ítrekað varað við slæmum afleiðingum þess að óheftur innflutningur verði heimilaður og það sætir furðu að stjórnvöld skuli skella skollaeyrum við þessum viðvörnum.

Það er eindregin skoðun byggðaráðs að Íslenskir bændur séu fullkomlega reiðubúnir til þess að mæta kröfum íslenskra neytenda um heilnæm og fjölbreytt matvæli og þróa sínar afurðir í samræmi við þær kröfur.

LANGANESBYGGÐ



Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35.